



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 4.tbl.

Apríl 2017

PÁSKABINGÓ



Kvenfélag Gnúpverja
heldur páskabingó í Árnasi



laugardaginn **15. apríl**

klukkan **11:00.**

Enginn posi er á staðnum.

Allir velkomnir



Gleðilega páska!



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.maí 2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu, Brautarholti.



Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Opið skírdag og sumardaginn fyrsta!

S: 486-5505

Netfang bokasfn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 08:00 -16:00 frá 1. apríl

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Munið opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

(Sjá nánari auglýsingu á baksíðu!)

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Aðalfundur Ungmennafélags Skeiðamanna
verður haldinn í Brautarholti 11. apríl kl.20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Mætum vel.

Stjórnin.



Holur fyrir lífræna úrganginn!

Peir sem þurfa að fá boraðar holur fyrir lífræna úrganginn endilega hafið samband sem fyrst við Ara í Áhaldahúsinu **gsm. 893-4426 eða ari@skeidgnup.is** svo hægt sé að fara eina góða ferð og bora fyrir nýjum. ☺
Sveitarstjóri.

Óskum eftir lóð til kaups!

Undirrituð eru að leita eftir lóð til kaups í Gnúpverjahreppi, ætlaða heilsársbúsetu. Skoðum einnig lóðir skipulagðar undir frístundabyggð með það í huga að fá skipulagi breytt í heilsársbúsetu. Æskilegt ef lóðir eru ofar í sveitarfélaginu en Árnes og helst 1-4 ha að stærð. Skoðum allt.

Upplýsingar í gegnum e-mail eða síma;
annavalda@gmail.com eða 864-6971.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Gunnar S. Jónsson.

Uppsprettan 2017

Sunnudaginn 18. júní verður byggðarhátíðin Uppspretta haldin á ný hér í sveit. Dagskráin verður fjölbreytt og skemmtileg að vanda og er undirbúningur í fullum gangi. Leikhópurinn Lotta verður á sínum stað, sem og Brokk og skokk og fleira skemmtilegt.

Í fyrra fengum við nokkra góða sveitunga til að koma með ýmsan varning úr fórum sínum til að selja eða sýna. Þetta mæltist vel fyrir og munum við bjóða aftur upp á þennan dagskrárlið sem gekk undir heitinu „bjástrað á bæjunum“. Nú þegar eru nokkrir básar bókaðir, en okkur langar að hvetja þá sem kunna að luma á „afurðum“ af einhverju tagi til að gefa sig fram við okkur. Við erum opin fyrir öllu: listmunum, safngripum, matvælum, föndri, hannyrðum eða hverju sem er .

Hægt er að senda nefndinni tölvupóst á menningskeidgnup@gmail.com

Takið daginn frá, við hlökkum til að sjá ykkur öll!

Bestu kveðjur,

Menningar- og æskulýðsnefnd




Árshátíð skólans - Föstudaginn 17. mars var árshátíð Þjórsárskóla haldin í Árnosi. Sýndir voru leikþættir sem byggðir voru á leikritunum: „Þegar drottningin á Englandi fór í orlofið“ sitt og Skuggasveini. Um morguninn var Leikholti, Flúðaskóla og eldri borgurum boðið á síðustu æfinguna. Um kvöldið sýndu nemendur fyrir fullum sal af



foreldrum og aðstandendum. Vel heppnaður dagur í alla staði.

Downs dagurinn – fögnum fjölbreytileikanum

Myndin af forsetanum í mislitum sokkum vakti athygli okkar í 1.-2.bekk. Þá fóru af stað miklar umræður um Downs-daginn, hvað við erum öll einstök og hvers vegna við værum að sýna samstöðu á þessum degi. Börnin vildu senda forsetanum bréf til þess að sýna honum hvernig



við fögnuðum fjölbreyti-leikanum í skólanum okkar og var það ákveðið.

Skólahald hér áður fyrr -

Valgerður og Tryggvi komu í heimsókn í skólann og fræddu okkur um skólahald þegar þau voru lítil. Nemendur voru vel undirbúnir og höfðu margar spurningar fyrir þau.

Þetta er hluti af grænfána verkefni okkar, áttahagafræðslu.

Útinám - Allir bekkir skólans eru í útinámi.

Hér má sjá 7. bekk og strákana í 5. og 6. bekk í

útinámi í lok mars við Kálfá. Farið var í

gönguferð þar sem náttúran og umhverfið var

uppspretta söguhugmynda. Hver nemandi fékk

að segja eina sögu, skáldaða eða sanna, út frá nærumhverfinu. Nemendur öðlast með

þessu leikni í að segja frá, þjálfast í óundirbúinni ræðumennsku og að taka eftir umhverfinu og nýta sér það í að skapa eitthvað. Kveðja Matthildur.



Joga - Nú er jóga-lota hjá okkur. Þá fara allir hópar skólans í jóga vikulega til Matthildar. Gerðar eru alls konar æfingar sem eru góðar fyrir líkama og sál. Tímarnir eru fjölbreyttir með liðkandi og styrkjandi æfingum og svo er slakað á í lok tímans til að rækta hugann og hvíla. Nemendur eru jákvæðir fyrir því að prófa eitthvað nýtt og finnst þetta skemmtileg tilbreyting.



Með kærri kveðju úr Þjórsárskóla. Bolette og Kristín.

Páskapistill

Það er ávallt skemmtilegt að eiga von á páskum. Ég hrifst af hátíðlegu yfirbragði þeirra, ekki síður nú en ég gerði sem strákur. Það kemur til fleira en trúarlegar áherslur. Löng birta og vor á næsta leyti er nokkuð sem gleður flesta. Vissulega hafa hret oft verið fylgifyiskar páskanna. Ekki síst þegar vetur hefur verið mildur. En ekki er hægt að ganga út frá neinu vísu í þeim efnum. Hratt flýgur stund og fyrir skömmu fyllti ég fimm ár í því starfi sem ég gegni. Ekki svo að segja að það sé langur tími, engu að síður get ég státað mig af því að hafa verið lengur í starfinu en nokkur af forverum mínum. Það kann vel að vera að sumum þyki það of langur tími í mínu tilfelli. En það hefur enginn gefið skýrt til kynna í mín eyru. Vafalítið gæti maður hafa gert sumt betur en raun ber vitni. En í öllu falli held ég að ekki verði upp á mig hermt að viðveru eða heiðarleika hafi verið ábótavant. Áhugi minn fyrir þeim verkefnum sem ég fæst við dags daglega er mikill og er fjarri því að úr honum hafi dregið.

Afkoman 2016

Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2016 hefur verið lagður fram til fyrri umræðu. Reksturinn var vel viðunandi á árinu. Heildartekjur námu 587 milljónum. Rekstrarkostnaður án afskrifta og fjármagnsliða nam 520 milljónum. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 67,1 milljón. Endanleg rekstrarniðurstaða nemur 43 milljónum. Er það talsvert hærri tala en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur jukust umtalsvert frá árinu 2015. En því er ekki að neita að útgjöld jukust meira en reiknað var með. Meðal helstu útgjaldaliða eru laun 208,6 milljónir. Fræðslumál 271,5, félagsþjónusta 29,6, menningarmál 38,2 og æskulýðs – og íþróttamál 35,8 milljónir svo nokkuð sé nefnt. Fjárfest var fyrir 50,9 milljónir. Eigið fé sveitarfélagsins nemur 606,7 milljónum og heildareignir 765,7 milljónum. Eigið fjárhlutfall nemur 84 %. Svokallað skuldahlutfall nemur 26 % og er með því lægsta sem þekkist á landinu. Ársreikningurinn verður senn aðgengilegur í heild sinni á vef sveitarfélagsins. Starfsmönnum sveitarfélagsins færi ég þakkir fyrir vel unnin störf, þeirra þátt í að sveitarfélagið er það sem það er.

Árið 2017.

Á þessari stundu er ekki ástæða til annars en vænta þess að resktur yfirstandandi árs verði í góðu jafnvægi og engin ástæða til annars en bjartsýni í samfélaginu, íbúum fjölgar og eftirspurn eftir lóðum vex. Framkvæmdir verða í heild sinni miklar á okkar mælikvarða á árinu. Um þessar mundir eru framkvæmdir við fráveitu í Brautarholtshverfi langt komnar. Iðnaðarhúsnæði við Árneshverfi verður senn tilbúið. Gatnagerð í Árnes og Brautaholtshverfum verða boðnar út á næstunni. Almennu viðhaldi á húskosti verða gerð skil eins og vera ber. Útlit er fyrir að rekstur í félagsheimilinu Árnesi, Þjórásrstofu og rekstur tjaldsvæðis við Árnes verði í höndum sveitarfélagsins þetta árið.

Samfélagið og menningin

Menningin hefur blómstrað vel í vetur. Ég vil þakka leikdeildinni fyrir sérlega skemmtilega leiksýningu. Ég dáist að óeigingjörnu starfi þeirra sem þar koma við sögu. Sérlega ánægjulegt er að unga fólkið kemur þar sterkt inn. Kórastarfið hér um slóðir er framúrskarandi. Það er ánægjulegt að nútímasamskiptaleiðir og freistingar býti hvorki á leik- né söngstarf í héraðinu. Sama er að um Kvenfélögin að segja. Kvenfélögin hér í hreppnum hafa unnið afar mikilvægt starf í gegnum áratugina. Hafa meðlimir þeirra lagt mikið til samfélagsins. Í lokin ætla ég að biðja þá sem þetta lesa að huga að því. Framlag kvenfélaga og margra annarra líknarfélaga verður seint eða aldrei ofmetið.

Njótið vorsins framundan,
Kristófer Tómasson, sveitarstjóri.



Frá SR grænmeti Smiðjustíg 10 - Flúðum

Verðum með kálplöntur og kryddjurtir til sölu í heimagarða frá og með 20. maí, einnig áburð og akril í metravís. Opið um helgar 10 – 16.
Miðri viku 13 -16. Sími 862-2374 og 486-1070



Sjálfseignarstofnunin Skaftholt

óskar eftir sumarstarfsfólki (20 ára og eldri)
á timabilinu maí til september.

Í Skaftholti er heimili fyrir fatlaða og stundaður lífrænn búskapur og garðyrkja. Áhugasamir geta haft samband við
Gunnþór í síma 661-0012 eða
Gerd í síma 865-0404

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.*

*Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*



Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir starfsfólki



- ♦ Starfsfólk í Þjórsárstofu frá 1 júní – 31. ágúst nk:
Verksvið: Umsjón Þjórsárstofu- Upplýsingamiðlun til ferðamanna.
Umsjón með tjaldsvæði við Árnæs.
Gerð er krafa um enskukunnáttu, þekkingu á staðháttum lágmarksaldur 20 ár.
- ♦ Verkstjóri í vinnuskóla og tilfallandi störf sumar 2017.
Verksvið: Umsjón með vinnuskóla og tilfallandi störf í áhaldahúsi.
Tímabil 1. júní til 20. ágúst.
- ♦ Matreiðslumaður í skólamötuneyti: Ráðning frá 1 júní nk. Framtíðarstarf.
Gerð er krafa um menntun í matreiðslu eða sambærilegum greinum.
Í öllum störfum er gerð krafa um lipurð í samskiptum, reglusemi og hreint sakavottorð.
Umsóknarfrestur er til 25. apríl n.k. og skal skila umsóknum til Kristófers Tómassonar sveitarstjóra í síma 486-6100 eða 861-7150 netfang:
kristofer@skeidgnup.is hann veitir nánari upplýsingar

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. **863-4111** og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalda FjarSKIPTAFÉLAGS Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt. **802**



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.



Tímapantanir í
síma: 856-1599



HRUNAPRESTAKALL

Frá sóknarpresti

Það voru 115 manns sem mættu í messu unga fólksins í Hrunakirkju 12. mars sl. Ungu fólkið okkar annaðist messuna frá upphafi til enda sem var hin eftirminni-legasta í alla staði.

Undirleikarar frá Tónlistarskólanum og söngvarar úr Tónsmiðjunni önnuðust tónlistar-flutning af stakri snilld, tíundu bekkingar frumsýndu stórskemmtilega stuttmynd um „Týnda soninn“ og nokkur úr þeirra röðum stigu í stólinn og fluttu afbragðsgóðar tölur fyrir viðstadda. Fermingarbörn lásu bænir.

Hringjarar voru fjórir talsins og allir úr 10. bekk. Ég vil nota tækifærið hér og þakka Katrínu Guðjónsdóttur umsjónarkennara í 10. bekk og Stefáni Þorleifssyni úr Tónsmiðjunni fyrir þeirra ómetanlega þátt í undirbúningnum fyrir messuna.

Einnig var ánægjuleg messa í Hruna 26. mars sl. þegar Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna kom í messuheimsókn ásamt organista. Þessi messuskipti kóranna tveggja í prestakallinu, sem reynt er að hafa einu sinni á misseri, hafa mælst vel fyrir. Gleði og gestrisni eru aðalsmerki þessara vinafunda.

Fyrstu fermingar vorsins verða í Ólafsvallakirkju á sumardaginn fyrsta, 20. apríl, en þá fermast tvö börn. Hin tíu úr hópnum fermast síðan á hvítasunnu, 4. júní, í Hrepphóla-kirkju og Hrunakirkju.

Framundan er hefðbundið helgihald um páska.

14. apríl – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphóla-kirkju frá kl. 13 til 17. Fjölskyldur fermingarbarna og fulltrúar eldri borgara verða meðal fjölmargra lesara í ár. Kaffiveitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur.

16. apríl – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og morgunkaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Hátíðarmessa í Hrepphóla-kirkju kl. 11 og hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 14.

20. apríl— Sumardagurinn fyrsti: Fjölskylduguðsþjónusta og ferming í Ólafsvalla-kirkju kl. 11:00. Lok barnastarfs.

Að lokum minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, **hruni.is**, og

fésbókarsíðuna facebook.com/hrunaprestakall!

Sjáumst í kirkjunni!
Óskar Hafsteinn Óskarsson



Gleðilega páskaháðíð!

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Vortónleikar Karlaórs Selfoss framundan!

Kórinn syngur í félagsheimili Hrunamanna 29. apríl

Karlaóór Selfoss hefur vortónleikaröð sína með hefðbundnum hætti á tónleikum í Selfoskirkju á Sumardaginn fyrsta, þann 20. apríl næstkomandi. Hefjast þeir kl. 20:30. Aðrir tónleikar kórsins eru þriðjudaginn 25. apríl, einnig í Selfoskirkju, þeir þriðju í Fella- og Hólakirkju í Reykjavík fimmtudagskvöldið 27. apríl kl. 20:00 og lokatónleikar vorsins eru á **Flúðum, laugardaginn 29. apríl kl. 20:30**. Kórinn flytur þar söngdagskrá sem er afrakstur skemmtilegs vetrarstarfs sem ein-kennst hefur af miklum metnaði kórmanna, sem nú telja um sjötíu manns. Stjórnandi kórsins er Skarphéðinn Þór Hjartarson og undirleikur er í höndum Jóns Bjarnasonar í Skálholti. Þá leikur harmonikkuleikarinn Jón Þorsteinn Reynisson með kórnum á þrennum síðustu tónleikunum, þar á meðal á Flúðum. Meðal sönglaga sem flutt verða á vortónleikunum eru verk eins og hið þekkta lag Sailing, sem Rod Stewart gerði vinsælt, hið ódauðlega O Sole Mio, Mig langar heim, sem var sérstaklega samið fyrir kórinn, sem og klassísk sönglög úr fórum kórsins, svo sem Árnesþing, Örefasýn, Úr útsæ rísa og fleiri þekktar karla-kóráperlur. Það er enginn svikinn af því að eyða kvöldstund með Karlaóór Selfoss þetta vorið, fremur en hingað til.

Lokatónleikar kórsins eru sem fyrr haldnir á Flúðum og það hefur jafnan verið létt yfir kórmönnum þegar komið er í hreppinn og má búast við skemmtilegum tónleikum laugardagskvöldið 29. apríl og um að gera að taka kvöldið frá.

Kær kveðja frá Karlaóór Selfoss.

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2017

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún og ber að skila þeim til hans **Sími: 848-1619**

Gjaldskrá 2017 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Staurabor	1.155 kr pr. klst.
Haugsuga 11,5 T	15.750 kr pr. dag
Haugsuga 15 T	17.850 kr pr. dag
Skádæla	10.000 kr ,pr. dag
Brunndæla	10.000 kr ,pr. dag
Rafmagns flórhæra	8.950 kr pr. dag
Pinnatætari	4.200 kr/klst,
Hnífatætari	4.200 kr/klst,
Flaghefill	3.150 kr/klst. Lágmarksgjald 4.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m,	4.750 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.500 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	3.000 kr/klst. Lágmarksgjald 6.000 kr.
Fjaðraherfi	2.600 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél	150 kr/poka, startgjald 5.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	7.500 kr/dag. og 50, kr pr km.
3ja hesta kerra	6.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðar- félaga Gnúpverja og Skeiða, annars 8.000 kr/dag
Fjölnotakerra (tveimur fetum lengri en sú gamla)	7.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðar félaga Gnúpverja og Skeiða, annars 9.000 kr/dag
Klaufskurðarbás fyrir fê	7.500,- kr pr dag. Nýtt í fyrra!
Slóði	3.700,- kr / klst Nýtt í fyrra!
Vendiplógur – opinn, 4ra skera	4.000 kr daggjald og 440 pr km. NÝTT!
Minni kerra	6.000 pr dag fyrir félagsmenn 7.500,- fyrir aðra
Stærri kerra	7.500 pr dag fyrir félagsmenn 9.000,- fyrir aðra.

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því, áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **20.000 kr**. Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka!!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað sendið þá Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum. Gsm. 848-1619

Búnaðarfélag Gnúpverja

Staða framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar

Starfsmenn á svæðinu

Framvinda verksins hefur gengið vel. Starfsmenn á verkstað hafa að jafnaði verið í kringum 100 talsins síðastliðna mánuði en breytingar hafa orðið á starfsmannafjölda eftir að neðanjarðargreftri lauk á svæðinu. Flestir starfsmenn á svæðinu eru á vegum ÍAV Marti. Nú hafa þó bæst við starfsmenn á vegum framleiðanda vél- og rafbúnaðar, Andritz Hydro, auk framleiðanda loka og þrýstivatnspípa, DSD NOELL.

Síðustu mánuði hefur byggingarverktaki að mestu unnið við bergstyrkingar og steypuvinnu. Þá einna helst hefur verið steipt í stöðvarhúsi. Einnig hefur áfram verið unnið að greftri í frárennslisskurði.



Fallpípueningum skipað upp í Þorlákshöfn (27.02.2017)

Pungaflutningar í lok febrúar

Stálfóðringar fallganga voru fluttar frá Þorlákshöfn á verkstað í Búrfelli í lok febrúarmánaðar. Um var að ræða 23 einingar og var farmurinn í heild sinni um 620 tonn. Flutningar fóru fram með lögreglufylgd á fimm nóttum.

Einingum fallpípunnar var skipað upp í Þorlákshöfn, eftir að hafa komið til Íslands frá Hamborg með flutningsskipinu Filia Ariea. Ferðin tók um 7 daga, en vikurnar áður voru einingarnar fluttar frá framleiðendum til Hamborgar.

Einingarnar eru stálrör í fallpípu sem flytur vatn frá inntakslóni niður að vatnsvél. Hringlaga einingarnar eru 22 talsins, mesta þvermál um 5,5 m og flestar um 6 m langar. Þar að auki er breytistykki sem er um 7,5 m langt og er mesta þvermál þess um 5,7 m.

Þýska fyrirtækið DSD NOELL GmbH er hönnuður eininganna. Smíði hringlaga eininganna var í höndum fyrirtækisins SAM og fyrirtækið Confredo sá um smíði á breytistykki.

Einingum var fyrst um sinn komið fyrir á lagersvæði framkvæmdasvæðis við Búrfell en vinna við uppsetningu er nú þegar hafin. Áætlað er að öll stálpipan verði komin á sinn stað og steipt inn í lok júlí og þá verður hún sandblásin og máluð að innan, gera má ráð fyrir að það verk taki um tvo mánuði.

Lagt af stað með fallpípueningar á verkstað úr Þorlákshöfn (27.02.2017)



Niðursetning sográsar í stöðvarhúsi

Í janúar voru stálfóðringar sográsar fluttar til landsins og var unnið að niðursetningu þeirra í marsmánuði. Um er að ræða þrjár einingar sem settar eru saman og mynda



loftþétta rás. Rásin er tenging á milli vatnsvélar og frárennslisganga í stöðvarhúsi. Vinna við niðursetningu eininganna í stöðvarhúsi gekk vel og er nú unnið að því að sjóða einingarnar saman.

Verkið er nokkurn veginn á áætlun en viðvarandi pressa er sökum þröngs tímaramma. Áætlað er að gangsetja virkjunina í lok maí 2018 en þá mun taka við frágangsvinna og landmótun á svæðinu.

Meðfylgjandi myndir eru frá flutningum fallpípueininga í Þorlákshöfn og niðursetningu sográsar í stöðvarhúsi.

Með góðri kveðju.
Ásbjörg Kristinsdóttir
Forstöðumaður - Framkvæmdasviðs





Niðursetning sográsareiningar í stöðvarhúsi (23.03.2017)



Bakkað með einingu stálfóðringar fallganga inn aðkomugöng stöðvarhúss (01.04.2017)

Uppsveitadeildinni 2017

lauk með mikilli sýningu frábærra tölt- og skeiðhrossa í Reiðhöllinni á Flúðum, föstudagskvöldið 31. mars 2017.

Fjörrið hófst í forkeppninni í tölti þar sem Þórarinn Ragnarsson og Hringur frá Gunnarsstöðum I sigruðu með nokkrum mun, eða 7,63 í einkunn. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka komu þar næst með 7.30 í einkunn. Þriðja inn í A-úrslit urðu þau Hanne Smidesang og Roði frá Hala með einkunnina 6,93. Síðasta örugga sæti í A-úrslitum féll í skaut Guðjóns Sigurliða Sigurðssonar og Lukku frá Bjarnastöðum með einkunnina 6.77.

Þeir voru mun jafnari knaparnir í B-úrslitum, en þar komu efstir inn Hans Þór Hilmarsson og Bragur frá Túnssbergi með einkunnina 6,63. Rétt þar á eftir voru þeir félagarnir Bjarni Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum með 6,60. Þriðja inn í B-úrslit voru þau Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með einkunnina 6,57. Tveir síðustu keppendurnir inn í B-úrslitin voru þau Guðjón Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 5,83 og Óskar Örn Hróbjartsson á Sigurrós frá Galtastöðum með einkunnina 5,80.

Að loknu stuttu hléi hófst keppnin í fljúgandi skeiði. Það er mikil keyrsla. Á rúmum hálf tíma renna 63 skeiðsprettir í gegnum húsið. Eins og gengur lágu ekki allir sprettir og hraðinn var mismikill á hestum og knöpum.

Þegar yfir lauk kom í ljós að fljótasta parið voru þau Matthías Leó Matthíasson og Blikka frá Þóroddsstöðum með tímann 2,97. Í kjölfarið sigldu Þórarinn Ragnarsson og Funi frá Hofi með sléttar 3 sekúndur. Rétt á eftir komu þau Hans Þór Hilmarsson og Assa frá Bjarnarhöfn á

tímanum 3,02. Bjarni Bjarnason og Randver frá Þóroddsstöðum voru 1/100 úr sekúndu á eftir með tímann 3,03 sekúndur. Aðrir keppendur fóru hægar yfir.



Þegar hér var komið sögu, og gestir í húsinu búnir að jafna sig aðeins á fjörinu og setunni eftir skeiðið, var komið að B-úrslitum í tölti. Eftirvæntingin lá í loftinu þegar keppnin hófst. Þegar upp var staðið urðu þeir efstir og jafnir, Bjarni Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum og

Hans Þór Hilmarsson á Brag frá Túnssbergi með einkunnina 7,06.

Fljótustu knapar Uppsveitanna í fljúgandi skeiði.

Frá hægri: Mattías Leó Matthíasson, Þórarinn Ragnarsson, Hans Þór Hilmarsson, Bjarni Bjarnason, Gunnlaugur Bjarnason, Guðjón Örn Sigurðsson og Óskar Örn Hróbjartsson. Á myndina vantar Lindu Karlsson sem varð í sjötta sæti. Matthías Leó varð stigahæsti knapinn í Uppsveitadeildinni 2017.

Í þriðja sæti í B-úrslitum urðu Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með 6,67, fjórðu urðu Sigurður Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 6.61 í einkunn og lestina ráku Jónas Már Hreggviðsson á Kolbeini frá Hrafnsholti með einkunnina 6,06.

Þá var komið að stóru stundinni. A-úrslit í tölti að hefjast og sex keppnisþör á vellinum. Bjarni og Hnokki náðu sér ekki á strik og hrepptu 6. sætið með 6.89 í einkunn. Hans Þór og Bragur enduðu í fimmta sæti með 7 í einkunn. Rétt fyrir ofan með 7,06 í einkunn settust í fjórða sætið Guðjón Sigurliði Sigurðsson og Lukka frá Bjarnastöðum. Spennan fór nú að magnast eftir sérdeilis glæsislega töltsýningu. Hanne Smidesang og Roði frá Hala fengu 7,44 í einkunn og hlutu að launum þriðja sætið. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka fengu annað sætið með einkunnina 7.67. Sigurvegarar töltsins í Uppsveitadeildinni 2017 urðu því þeir Þórarinn Ragnarsson og Hringur frá Gunnarsstöðum I með frábæra einkunn, 7,89.

Stigakeppni einstaklinga var mjög spennandi. Efstu tveir keppendurnir slitu sig frá hópnum og sigraði Matthías Leó Matthíasson með 82 stig. Þórarinn Ragnarsson kom næstur með 80 stig. Í þriðja sæti varð Hanne Smidesang með 62 stig. Heildarstigakeppni einstaklinga og liða má finna á vefsvæði Reidhollarinnar, www.reidhollin.is.



Sigurvegarar í tölti: Frá hægri. Þórarinn Ragnarsson, Matthías Leó Matthíasson, Hanne Smidesang, Guðjón Sigurliði Sigurðsson.



Lið Vesturkots sigraði Uppsveitadeildina 2017.

Frá hægri: Hulda Finnsdóttir, Guðjón Örn Sigurðsson, Þórarinn Ragnarsson, liðsstjóri og Hanne Smidesang. Á myndina vantar Rósu Birnu Þorvaldsdóttur

Í liðakeppninni sigraði lið Vesturkots með 198 stig, en lið Subway varð annað með 187 stig. Þriðja sætið féll liði Kílhrauns í skaut með 140 stig.

Hestamannafélögin í Uppsveitunum Logi, Smári og Trausti fá bestu þakkir fyrir skemmtilega keppni í vetur. Breiddin í keppninni fer sífellt vaxandi og metnaður keppenda er mikill að standa sig sem best. Það sýnir sig að hestar eru að koma betur undirbúnir til keppni og munurinn á milli atvinnumanna og leikmanna hefur dregist saman.

Gistihúsið Álftröð á Skeiðum.



Gistihúsið Álftröð á Skeiðum óskar eftir starfsmanni til þrifa á herbergjum í júlí og ágúst 2017.

Upplýsingar í síma 895- 6247

Netfang: alftröd@alftröd.is

Fréttir af Héraðsleikum HSK 2017

Fyrstu helgi marsmánaðar voru Héraðsleikar HSK haldnir á Hellu. Þar kepptu níu pollar í þrautabraut með sameiginlegt lið Skeiða-og Gnúpverja. Liðstjóri var Bryndís Eva, Háholti. Keppnisskapið og gleðin var allsráðandi. Stóðu þeir sig allir með sterkri þrýði, verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Keppendur f.h.
Guðmundur Johan og
Magnús Veigar
Aðalsteinnssynir,
Arnór Ingi og Tryggvi Hrafn
Árnasynir,
Valgeir Örn Ágústsson,
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Snorri Ingvarsson,
Jörundur T. Guðmundsson,
Már Óskar Bjarnason,
ásamt liðstjóra.



Vinnuskólinn 2017



Nemendum sem fæddir eru 2002 og 2003 gefst kostur á að starfa í Vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar.

Vinnuskólinn byrjar 6. júní og stendur í rétt rúmar 8 vikur eða til og með 03. ágúst og unnið verður fjóra daga í viku, mánud.—fimmtud. Kl. 08:00 - 14:00.

Nemendur með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi geta nýtt sér þennan skóla. Skyld er þó að taka frí eina viku á tímabilinu.

Hámarksfjöldi vinnufólks í einu er átta og ef fjöldinn veður meiri verður starfstíminn skipulagður með það í huga.

Í ágúst gefst þeim kostur sem hafa áhuga, að vinna eftir þörfum og samkomulagi.

Heitur matur er framreiddur í hádeginu en koma þarf með nesti í kaffitíma fyrir hádegi. Umsóknarfrestur er til 13. maí og skráning fer fram á skrifstofunni í síma 486-6100.

Sveitarstjóri



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Góðir íbúar Skeiða—Gnúpverjahrepps!

Öll sveitarfélögin í Árnessýslu vinna nú saman að sviðsmyndagreiningu í tengslum við mögulega sameiningu sveitarfélaganna.

Ráðgjafarsvið KPMG sér um framkvæmd verkefnisins en gert er ráð fyrir að vinnunni verði lokið nk. haust og í framhaldinu verði niðurstaða verkefnisins tekin til umræðu í sveitarstjórnunum í sýslunni.

Liður í undirbúningsvinnunni er að senda út rafræna könnun til að fá fram sjónarmið íbúa á svæðinu og því viljum við biðja þig að taka þátt í þessari könnun.

Hún er nafnlaus og eru svör ekki rekjanleg til þeirra einstaklinga sem taka þátt í henni.

Könnuninni verður hægt að svara til 12. apríl 2017 og hægt er að nálgast linkinn á

skeidgnup.is Hlekkur á könnun: <http://arnessysla-ibuar.questionpro.com/>

Ef einhverjar spurningar vakna vegna könnunarinnar má hafa samband við Stefán Þór Helgason hjá KPMG (shelgason@kpmg.is)

Með fyrirfram þökkum .
Ráðgjafarsvið KPMG



Aðalsafnaðarfundur í Stóra-Núpssókn 24. apríl n.k.

Við boðum til aðalsafnaðarfundar þann 24. apríl n.k. í Stóra-Núpssókn kl. 20:00 í Félagsheimilinu Ánesi.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla formanns og gjaldkera. Kirkja / garður.
2. Fréttir af Héraðsfundi, biskupskjör ofl. sr. Óskar H. Óskarsson Kaffihlé.
3. Kosningar:
 - a) Kjósa þarf gjaldkera í sóknarnefnd og einn til vara.
 - b) Kjósa þarf þrjá í kjörnefnd prestakallsins og þrjá til vara.
 - c) Kjósa þarf tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs og tvo til vara.
4. Önnur mál.
5. Staða framkvæmda í kirkju: form og gjaldkeri.



Nú fjölmennum við og sýnum samhug, boðið upp á skoðunarferð í kirkjuna. ☺

Sóknarnefnd skipa:

Ámundi Kristjánsson gjaldk.	2013-2017
Daði Viðar Loftsson ritari	2015-2019
Kristjana H. Gestsdóttir form.	2015-2019

Varamenn:

Einar Bjarnason	2013-2017
Árdis Jónsdóttir	2015-2019
Helga Kristinsdóttir	2015-2019

Skoðunarmenn til eins árs:

Ari Einarsson
Helga Kolbeinsdóttir

Til vara:

Sigurður Loftsson
Haukur Haraldsson

Með bestu kveðju.
Sóknarnefnd
Stóra-Núpskirkju.



Fréttabréf í apríl




Þann 6. mars bauð foreldrafélagið Leiksteinn okkur upp á leiksýninguna Íslenski Fíllinn frá Brúðuheimum, það var mjög skemmtileg sýning og allir skemmtu sér vel. Við þökkum Bernd og Hildi frá Brúðuheimum fyrir og foreldrafélaginu.

Þann 17. mars var okkur síðan boðið að fara á generalprufa á Árshátíð hjá Þjórsárskóla, öll börn í Vörðufelli fóru í skólabíl og fengu að horfa á flottu sýninguna þeirra í Árnesi. Við þökkum Þjórsárskóla fyrir boðið og sýninguna.

Hattadagur var haldinn þann 24. mars og komu þá allir í leikskólann með skemmtileg höfuðföt eða hárskraut. ☺

Núna fjóra þriðjudagsmorgna hefur Óskar prestur heimsókt okkur og sagt okkur sögur og sungið með okkur lög, stundum koma aukagestir með honum eins og fuglinn Konni. Börnin hafa alltaf gaman að þessum samverustundum og þökkum við Óskari fyrir samveruna.

31. mars fór allur leikskólinn í gönguferð að Húsatóftum og fengu að skoða hvolpana hjá Elinu og hænurnar og ungana hjá henni Valgerði. Börnin voru mjög dugleg að ganga þessa leið og höfðu gaman að dýrunum. Valgerður koma síðan með unga í heimsókn 5. apríl og fengum við að fylgjast með tveimur eggjum sem átti eftir að klekjast út þann daginn. Við þökkum Elinu og Valgerði fyrir heimboðið og leyfa okkur að skoða dýrin hjá þeim






Heilabörnin í salnum

Bestu kveðjur
úr Leikholti.



Hvolpaheimsókn að Húsatóftum







Minnum aftur á Hestheimaferðina 27. – 28. maí.
Allir með! ☺ ☺ ☺



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

í Reiðhöllinni á Flúðum

SMÁRI



8. apríl
10:00

Barnaflokkur - smali
Unglingaflokkur – smali og skeið



Frítt inn – Allir velkomnir



Staðan eftir annað mót

Barnaflokkur

1	Þórey Pula Helgadóttir	Smári	40
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	33
3	Freyja Linda Andrea Mattsson	Smári	31
4	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	16
5-6	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	14
5-6	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	14
7	Fjölur Þór Morthens	Logi	10
8	Dagmar Sif Morthens	Logi	9,5
9	Tristan Máni Morthens	Logi	4,5

Unglingaflokkur

1	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	40
2	Aron Erni Ragnarsson	Smári	34
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	32
4	Laufey Ósk Geirsdóttir	Smári	22
5	Sölvi Freyr Freydisarson	Logi	7

Smári

236

Logi

71



Nesey ehf



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir



Veitandi ehf pípulagnþjónusta

Brekkuhestar



Dalsholt



Vatnsvirkinn

Styrktaraðilum Uppsveitadeilda Æskunnar er þakkaður stuðningurinn

Fréttir frá björgunarfélaginu Eyvindi



Helgina 1. og 2. apríl hélt björgunarfélagið Eyvindiur björgunarsveitar-námskeið fyrir krakka á aldrinum 9 til 13 ára úr Þjórsárskóla og Flúðaskóla. Mjög góð mæting var á námskeiðið og mættu 29 krakkar og eyddu helginni við lærdóm og leiki í björgunarsveitarhúsinu. Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og SS styrktu verkefnið með mat og lokagjöf sem var lítil sjúkra-taska. Við viljum þakka þessum aðilum kærlega fyrir góða styrki. Einnig viljum við þakka krökkunum fyrir frábæra helgi og hlökkum til að fá þau til starfa með okkur í björgunarsveitarverkefni í framtíðinni. Fyrir hönd Eyvindar Meike og Halldóra.



Hestamenn og aðrir ferðalangar!

Ef þið viljið gista í **Hólaskógi á Gnúpverjaafrétti** hafið þá samband við Sonju Huld Guð-jónsdóttur með tölvupósti info@extremeiceland.is Heimasíðan www.holaskogur.is er einnig með upplýsingar um verð og annað.

Gjaldskrá Búnaðarfélags Skeiðamanna 2017

Gjaldskráin er óbreytt á milli ára núna ☺

Lágmarksgjald fyrir öll jarðvinnslutæki er kr 4.000 á hvern sólarhring óháð notkun. Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu, ef ekki þá er tekið þrifagjald **kr. 22.000**. Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á tækjum og ber að tilkynna þau til umsjónarmanns. Umsjónarmaður tækjanna er Sigurjón Vilhjálmsson Hlemmiskeiði Tækin eru staðsett við Búnaðarfélagsskemmuna við Brautarholt.

Síminn hjá Sigurjóni er er 863-7111 Leigutíma á að senda til Sigurjóns með sms eða símleiðis strax og tæki er skilað


Næsta tæki verður ekki afgreitt fyrr en tímar eru komnir.

Loftpressa	2.080 kr/klst
Steypuhrærivél	1.390 kr/tökugjald
Haugsuga	4.620 kr/daggjald og 350 kr/km
Fjölnotadreifari	5.500 kr/daggjald og 350 kr/km
Pinnatætari	2.770 kr/klst
Vendiplógur	440 kr/km og 4.000 daggjald
Plógur	2.770 kr/klst
Jarðvegstætari	2.770 kr/klst og 8.500 fyrir hvern brotinn hníf
Sáðbeðsherfi	2.770 kr/klst
Valtari	2.770 kr/klst
Flaghefill	700 kr/klst
Kornsngill	400 kr/tn
Kornsláttur	23.000 kr + hráolía og 6000 kr komugjald
Kornvals	2.770 kr/klst
Kerra	5.800 kr/daggjald
Flatvagn	100 kr/km og 4.620 daggjald

GLEÐILEGT SUMAR!



**Vortónleikar Vörðukórsins
Félagsheimilinu Flúðum
Miðvikudagskvöldið
19. apríl kl. 20.30**



**Fjölbreytt lagaval m.a. jazzmessa eftir Bob Chilcott,
lög eftir Gunnar Þórðarson,
Eivöru Pálsdóttur, Böðvar Guðmundsson o.fl.**

**Meginþema tónleikanna er
tónlist Lofts S. Loftssonar en
hann fæddist 5. apríl 1937
og hefði því orðið áttæður
í ár.**



**Stjórnandi Eyrún Jónasdóttir
Undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir**



Verð kr. 3000. Frítt fyrir 14 ára og yngri.

Vortónleikar Vörðukórsins

Senn líður að því að Vörðukórinn flytji afrakstur vetrarstarfsins en í ár er stefnt að tvennum tónleikum. Þeir fyrri verða í Félagsheimilinu á Flúðum miðvikudaginn 19. apríl klukkan 20.30.

Efnisval er að venju fjölbreytt, hin magnaða jassmessa Bob Chilcoat, gullfallegt lag Böðvars Gumundssonar Næturljóð úr Fjörðum sem margir tónlistarmenn hafa spreytt sig á, Vögguvísa Eyvarar Pálsdóttur og lög eftir Gunnar Þórðarson. Megin þemað verður þó tónlist Lofts S. Loftssonar í Breiðanesi sem hefði orðið átræður þann 5. apríl en hann lést fyrir tæpum tuttugu árum, langt fyrir aldur fram.

Lögin Húmljóð og Ljósar nætur samdi Loftur ungur maður, þá bassaleikari í Hljómsveit Óskars Guðmundssonar og sendi inn í danslagakeppni og útsetti svo seinna fyrir blandaðan kór. Lögin hafa fylgt kórnum alla tíð og verið flutt á fjölda tónleika með litlum hléum og hljóma nánast alltaf þar sem kórfélagar koma saman við gleði og söng. Lagið Gamla gryfjan er upprifjun á æskuleikjum fyrri ára og kallar örugglega fram minningar sem margir kannast við og í laginu Víst hef ég brotið sem er með hans síðustu tónsmíðum fjallar Loftur um örlög sín sem vart verða umflúin og er í raun eins konar sálumessa hans.

Það er sérstakt ánægjuefni fyrir kórinn að heiðra minningu Lofts með þessum flutningi. Seinni tónleikar kórsins verða föstudagskvöldið 21. apríl klukkan 20.00 í Fella-og Hóla-kirkju í samvinnu við kór kirkjunnar, en þar ræður ríkjum sem kórstjóri og undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir sem hefur verið undirleikari Vörðukórsins í vetur.

Það eru spennandi tímar framundan, ekki bara fyrir kórfélaga heldur vonandi líka fyrir þá sem koma að hlusta á okkur. Einsöngur og tvísöngur verður á báðum tónleikum og munu kórfélagar sjá um það. Stjórnandi Vörðukórsins er Eyrún Jónasdóttir.

Með kveðju.

Tryggvi Steinarsson, formaður.

Umsókn um leikskólavist í leikskólann Leikholt



Skólanefnd og leikskólastjóri vilja vekja athygli íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á því að mjög gott er að sækja um leikskólavist fyrir börnin ca. misseri fram í tímann. Það er að segja ef vilji er til þess að barnið byrji að hausti þá er gott að senda inn umsókn að vori o.s.frv. Það auðveldar að gera ráð fyrir barna- og starfsmannafjölda í leikskólanum fram í tímann.

Nánar um innritunarreglur er hægt að finna á <http://skeidgnup.is> og einnig er hægt að fylla út rafræna umsókn um leikskólavist á heimasíðu hreppsins á þessari slóð: <http://skeidgnup.is/efni/leisk%C3%B3linn-leikholt>.

Með bestu kveðjum,
Skólanefndin.

Guesthouse Denami, Vestra-Geldingaholt leitum að starfskrafti sumar og haust.

Við leitum að manneskju með mjög góða þjónustulund og áhuga
á að taka vel á móti erlendum gestum.

Starfið felst í þrifum, vinna/aðstoða í eldhúsi og þjónustu við gesti

Meiri upplýsingar og umsóknir: josefine@denami.is

www.denami.is



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Arnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is



Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefíne



www.Híalín.is
Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Á bak við eldavélina!

Komiði sæl, Nikulás Hansen Daðason heiti ég víst og þakka ég Pálu frænku í Geldingarholti kærlega fyrir áskorunina. Henni fannst ægilega spennandi að sjá hvort ég væri búin að læra að elda, en það er ég einmitt alls ekki búin að læra. Þess vegna verð ég notfæra mér góðvin minn hann Google. Eftir dágóða hugleiðslu um mat rak hugur minn til Noregs, nánar tiltekið til Kristiansands á eldhúsbörðið hans afa míns. Hann er ferlega góður kokkur og þá sérstaklega flinkur með fiskrétti. Hér er uppskrift að fiskisúpu fyrir fjóra.



500 g skötuselur
1 msk kókosolía
2 tsk karrí mauk (curry paste)
eða góð karríblanda
250 g niðurskorið grænmeti,
blómkál, þúrrulaukur, rauð
paprika
400 ml kókosmjólk
600 ml mysa eða vatn
1 msk grænmetiskraftur,
laus við msg og ger,
smá himalayasalt
2 stk kaffir límónulauf
1 stöngull sítrónugras
5 cm biti ferskur engifer
2 stk hvítlauksríferskur kó-
riander til að klippa yfir.



Setjið kókosolíu í pott og bætið karríinu út í, hrærið í smá stund og bætið þá grænmetinu við, blandið saman og hrærið í 1 mín. Hellið kókosmjólk og mysu/vatni út í ásamt grænmetiskraftinum og kryddinu. Látið sjóða í um 15 mín. Smakkið til með salti. Skerið skötuselinn í hæfilega munnbita og bætið honum út í og látið hann sjóða í 2–3 mín. Klippið smávegis ferskan kóriander yfir.

Ég vona að fólk njóti og að lokum vil ég senda boltann á góða vinkonu mína hana Elísabetu Ólafsdóttur á Hæli 3.
Kær kveðja.
Nikulás.





Menn og málefni!

28. mars s.l. áttust Gnúpverjar og Leiknir Reykjavík við í Kennaraháskólanum í körfubolta og voru verðlaunin ekki af verri endanum, sæti í 1. deild á næsta tímabili. Svo fór að Gnúpverjar höfðu 20 stiga sigur og fögnuðu því innilega í leikslok, Gnúpverjar höfðu yfirhöndina mestallan leikinn og voru 13 stigum yfir í hálfleik. Leikurinn var ansi harður og var frekar mikill hiti í mönnum, dæmdar voru heilar 66 villur á leikmenn liðanna og þar af 5 tæknivillur.

Þetta er annað árið í röð sem að Gnúpverjar fara upp um deild og verður það að teljast vel af sér vikið. Stigahæstir Gnúpverja voru þeir Asgeir Nikulásson með 19 stig og Þórir Sigvaldason með 17 stig. Við óskum Gnúpverjum innilega til hamingju með sigurinn en hitt lausa sætið í 1. deild hrepptu Hrunamenn/Laugdælir með sameiginlegt lið.

Ekki alls fyrir löngu fengu bændurnir í Haga hér í sveit þriðja árið í röð viðurkenningu fyrir að hafa verið með úrvalsmjólk allt árið 2016. Það eru þau Kirsten A. Jennerich og Páll Ingi Árnason. Einnig fengu þau viðurkenningu fyrir að reka fyrirmyndarbu árið 2017. Ekki var búið að birta þetta opinberlega þegar Fréttabréfið fór í prentun en það mun gerast höfum við trú á og þá verða vonandi fleiri í hópnum, héðan. Innilegar hamingjuóskir með þennan árangur Kirsten og Páll.



Vorfundur Kvenfélags Gnúpverja!

Fyrirhugað er að halda vorfundinn okkar laugardaginn 20. maí n.k. Farið verður með rútu til Reykjavíkur og fundurinn haldinn á Hallveigarstöðum um hádegi og boðið uppá hádegisverð á staðnum. Skemmti-og fræðslunefnd sér svo um að gera eitthvað skemmtilegt og óvænt með okkur eftir það. Nánar auglýst síðar, en takið daginn frá. Stjórn og Skemmti-og fræðslunefnd



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður.

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri

Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Sumar 2017 - 9. júní - 20. ágúst .Opið alla daga frá kl.10:00 - 23:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is>

LAUGARVATN
fontana
Hélsulind frá landnámi

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Er ekki vorið að koma?

Mineraleimer

Alhliða steinefnafata fyrir nautgripi og hross

Kr. 5.780



Phosphoreimer

Steinefnafata fyrir geldkýr og hross

Kr. 6.610



Universalschale

Steinefnafata fyrir sauðfé og hross

Kr. 3.805



Saltsteinn Natur - 10 kg

Kr. 995



Saltsteinn Plus - 10 kg

Með Selen, jöði, mangan o.fl

Kr. 1.335



Uniblock

Alhliða steinefnablokk fyrir sauðfé, nautgripi og hross

Kr. 2.410



Vitablock

Alhliða vitaminblokk

Kr. 2.815



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L

Kr. 2.399



6 túttu 8 L

Kr. 2.877



Vinnugallar

Allar stærðir

Kr. 7.800

og líka á börn

Kr. 6.900



Inngjafasprautur

Kr. 17.770



Skammtasprautur

Kr. 16.792 3 ml



“Klaufa” klippur

Kr. 3.120

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2017
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486**

Neslaug

Opið - Open

Miðvikudaga: Wed. 17 - 22

Laugardaga: Sat. 13 - 18



Skeiðalaug

Opið - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Páskaopnun lauganna!

Neslaug

Skeiða og – Gnúpverjahreppi:

Sími: 486-6117/897-1112.

Opið alla páskana

fimmtud. - mánud. kl. 13-18.

Gleðilega páska.

SKEIÐALAUG

Opið:

Fimmtudag (skírdag) 18—22

Mánudag (annan í páskum) 18 - 22

**Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.**

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

Eypór Brynjólfsson s. 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga.

Breytingar í Laugarási!

Nýr opnunartími frá 1. apríl verður frá 08:00 til 16.:00

Fyrsti læknatíminn verður kl 8:20 Símatímarnir verða eins og áður **kl. 9-9:30 og kl. 13-13:30.** Blóðprufur verða teknar á morgnana kl. 8:15 til kl 11 og nauðsynlegt er að vera **fastandi fyrir blóðprufur**, þá fást réttari niðurstöður.

Lyfjaendurnýjun verður hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Sigurjón Kristinsson hefur hafið störf sem yfirlæknir.

Aðrir læknar koma að eins og verið hefur.

Kær kveðja, Anna Ipsen

Hjúkrunarstjóri HSU Laugarási.



shutterstock - 129263504